



## SAMKEPPNISEFTIRLITIÐ

Föstudagurinn, 31. janúar, 2020

Ákvörðun nr. 3/2020

### **Yfirtaka Vörðu Capital ehf. á Hugbúnaði hf. (Centara og Wise)**

#### **I.**

##### **Málavextir og málsmeðferð**

Með bréfi, dags. 28. janúar 2020, var Samkeppniseftirlitinu tilkynnt um yfirtöku Vörðu Capital ehf. (hér eftir Varða Capital) á Hugbúnaði hf. (hér eftir Hugbúnaður). Meginstarfsemi Vörðu Capital er viðskiptaráðgjöf og fjárfestingarstarfsemi en félagið á nokkurn fjölda dóttur og hlutdeildarféлага sem starfa á ólíkum mörkuðum. Hugbúnaður á dótturfélögin Centara ehf. (hér eftir Centara) og Wise lausnir ehf. (hér eftir Wise) sem starfa við þróun og sölu hugbúnaðar. Nánar er fjallað um samrunaaðila í kafla II.

Að mati eftirlitsins felur framangreindur gerningur í sér samruna sem er tilkynningarskyldur í skilningi 17. gr. a. samkeppnislaga nr. 44/2005. Meðfylgjandi tilkynningunni var samrunaskrá í samræmi við 17. gr. a. samkeppnislaga. Um svokallaða styttri samrunatilkynningu var að ræða skv. 6. mgr. 17. gr. a. laganna, sbr. viðauka II við reglur nr. 684/2008 um tilkynningu samruna og málsmeðferð í samrunamálum. Eftirlitið mat þá skrá fullnægjandi í samræmi við ákvæði samkeppnislaga og reglur eftirlitsins um tilkynningu og málsmeðferð í samrunamálum.

Rannsókn málsins hefur falist í því að yfirfara þær upplýsingar og sjónarmið sem fylgdu samrunaskrá. Auk þess var litið til reynslu Samkeppniseftirlitsins af úrlausn eldri mála á sama sviði.

#### **II.**

##### **Samruninn**

Samkvæmt 17. gr. samkeppnislaga telst samruni hafa átt sér stað þegar breyting verður á yfirráðum til frambúðar. Samruni getur þannig m.a. falist í því að fyrirtæki taki annað fyrirtæki yfir eða það nái yfirráðum í heild eða að hluta yfir öðru fyrirtæki, t.d. með því að kaupa hluta af eignum þess eða þær allar, sbr. 1. mgr. 17. gr. laganna. Samkeppniseftirlitið telur að í yfirtöku Vörðu Capital á Hugbúnaði felist samruni í skilningi 17. gr. samkeppnislaga.

##### **1. Samrunaaðilar**

Í samrunaskrá segir að Varða Capital hafi verið stofnað árið 2011 og starfsemi félagsins felist viðskiptaráðgjöf og fjárfestingastarfsemi og fari félagið með eignarhluti í fjölda dóttur- og hlutdeildarféлага. Dótturfélög undir yfirráðum félagsins séu eftirfarandi:



- a) Sonja ehf., starfsemi félagsins felist í útleigu atvinnuhúsnæðis, n.t.t. Sjafnargötu 14, 101 Reykjavík.
- b) Stekkur V.M. ehf., sem sé eignarhaldsfélag V.M. ehf. sem reki fataverslanir undir auðkenninu Bestseller á Íslandi. Um sé að ræða verslanirnar Vero Moda, Vila, Jack & Jones, Selected og Name It.
- c) Þingholt ehf., starfsemi félagsins felist í útleigu atvinnuhúsnæðis, n.t.t. Hellusundi 6, 101 Reykjavík.
- a) Portico ehf., sem sé eignarhaldsfélag sem hafi farið með 45,5% hlut í Central Pay ehf., en sá hlutur hafi verið seldur til Wise lausna ehf. þann 20. janúar 2020. Central Pay sé markaðs- og þjónustuaðili fyrir AliPay og WeChat Pay á Íslandi.
- b) Varða Capital II ehf., sem sé eignarhaldsfélag sem fari með allt hlutafé í Norðurbrún 2 ehf. og 60% hlutafjár í Hraunbyggð ehf. Starfsemi félaganna felist í byggingu og eignarhaldi á atvinnuhúsnæði.
- c) Perroy ehf., sem reki verslanir Nespresso í Kringlunni og Smáralind.
- d) Vitinn ehf., sem sé eignarhaldsfélag sem haldi utan um 9,4% eignarhlut í félaginu Mandólín ehf. sem eigi byggingarreit að Austurbakka 2, 101 Reykjavík, þar sem nú sé hótél í byggingu.

Varða Capital fari ekki með yfirráð yfir öðrum félögum en eigi þó eignarhluti í nokkrum öðrum félögum. Þ. á m. 40% eignarhlut í hinu yfirtekna félagi, Hugbúnaði.

Í samrunaskrá segir að Hugbúnaður hafi verið stofnað 1984 og starfsemi félagsins felist í hugbúnaðarþróun og ráðgjafarstarfsemi á sviði upplýsingatækni. Starfsemi Hugbúnaðar felist aðallega í þróun og sölu á Centara hugbúnaðarkerfinu, en um sé að ræða hugbúnað fyrir verslanir og veitingahús. Hugbúnaður eigi allt hlutafé í Centara ehf. sem stofnað hafi verið til þess að halda utan um sölu Centara hugbúnaðarins.

Centara eigi jafnframt allt hlutafé í Wise en félagið keypti allt hlutafé Wise af AKVA group ASA, Noregi, með kaupsamningi sem undirritaður var þann 25. september 2019. Starfsemi Wise felist í þróun, sölu og þjónustu við fjárhagskerfi, nánar tiltekið fjárhagskerfið Microsoft Dynamics Central (áður Microsoft Dynamics NAV).

## **2. Markaðsskilgreiningar**

Við mat á samruna samkvæmt samkeppnislögum verður að byrja á því að skilgreina þann markað eða þá markaði sem við eiga. Samkvæmt 4. gr. laganna er markaður sölusvæði vöru og staðgengdarvöru og/eða sölusvæði þjónustu og staðgengdarþjónustu. Hagfræðileg rök leiða til þess að líta verður á viðkomandi markaði frá tveimur sjónarhornum, annars vegar vöru- eða þjónustumarkaði og hins vegar landfræðilegummarkaði. Í sumum tilvikum er nauðsynlegt að skilgreina markaðinn út frá fleiri víddum en vörunni eða þjónustunni sjálfri og hvar hún er seld, s.s. opnunartíma verslana eða á hvaða tíma þjónusta er veitt.

Í samrunaskrá kemur fram að samrunaaðilar, þ.e. Varða Capital og Hugbúnaður, starfi á ótengdum mörkuðum. Hið yfirtekna félag, Hugbúnaður, og dótturfélög þess Centara og Wise, starfi á ólíkum undirmörkuðum upplýsingatæknimarkaðar, nánar tiltekið á markaði fyrir þróun, sölu og þjónustu viðskiptahugbúnaði (afgreiðslulausnir fyrir verslanir og veitingastaði) (e. *retail management* system - Hugbúnaður og Centara) og markaði fyrir þróun sölu og þjónustu við fjárhagskerfi, nánar tiltekið fjárhagskerfið Microsoft Dynamics Central og sérlausnir fyrir það kerfi (Wise). Hvorki yfirtökufélagið, Varða Capital, né félög



sem því tengjast starfi á nefndum mörkuðum. Verslanir í eigu dóttur- og hlutdeildarféлага Vörðu Capital séu viðskiptavinir Wise og Hugbúnaðar og því um að ræða lóðrétta skörun í starfsemi umræddra aðila.

Að mati Samkeppniseftirlitsins tekur samruni þessa máls einkum til markaðarins fyrir fjárfestingar í fyrirtækjum og hins vegar upplýsingatæknimarkaðarins. Þá er ljóst að hluti dóttur- og hlutdeildarféлага Vörðu Capital starfar við smásölu á fatnaði og kaffi en í ljósi niðurstöðu málsins er ekki þörf á því að skilgreina þá markaði sem viðkomandi fyrirtæki starfa á.<sup>1</sup>

Samkeppniseftirlitið hefur í fyrri úrlausnum sínum fjallað um upplýsingatæknimarkaðinn og undirmarkaði hans. Þannig tók eftirlitið nýlega til rannsóknar þá fyrirhugaðann samruna Advania og Wise, sbr. ákvörðun nr. 23/2019, *Samruni Advania Holding hf. og Wise lausna ehf.* Í kjölfar útgáfu andmælaskjals þar sem komist var þeirri frumniðurstöðu að samruninn raskaði samkeppni drógu samrunaaðilar tilkynningu um samrunann til baka. Í málinu komst eftirlitið að þeirri frumniðurstöðu að samrunaaðilar störfuðu báðir á sérstöku vöru- og þjónustumarkaði fyrir þróun, þjónustu og sölu á fjárhagskerfum (s.s. Microsoft Dynamics NAV) sem mætti skipta í undirmarkaði eftir virkni hugbúnaðarins; takmarkaða virkni, miðlungs virkni og yfirgripsmikla virkni. Þá var það jafnframt frummat Samkeppniseftirlitsins að m.t.t. aðstæðna á markaðnum teldist hann landfræðilega afmarkaður við Ísland.<sup>2</sup>

Í ljósi þess að það hefur ekki áhrif á niðurstöðu málsins telur Samkeppniseftirlitið nægjanlegt að miða við það að einn markaða málsins sé upplýsingatæknimarkaður og að annar samrunaaðila starfi á tilteknum undirmörkuðum hans, n.t.t. markaði fyrir fjárhagskerfi og markaði fyrir afgangslausnir. Þá er ekki heldur ástæða til þess að taka endanlega afstöðu til landræðilegrar afmörkunar þeirra markaða.

### III.

#### Niðurstaða

Við mat á samkeppnislegum áhrifum samruna ber að líta til þess hvort samruninn leiði til þess að markaðsráðandi staða skapist eða styrkist eða hvort samruninn leiði til þess að samkeppni raskist að öðru leyti með umtalsverðum hætti, sbr. 17. gr. c. samkeppnislaga. Í 4. gr. samkeppnislaga kemur fram að markaðsráðandi staða sé fyrir hendi þegar fyrirtæki hefur þann efnahagslega styrk að geta hindrað samkeppni á þeim markaði sem máli skiptir og að það geti að verulegu leyti starfað án þess að taka tillit til keppinauta, viðskiptavina og neytenda.

---

<sup>1</sup> Sjá um skilgreiningu markaðarins fyrir innflutning og heildsölu á kaffi ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 7/2019, *Samruni Nýju Kaffibrennslunnar ehf. og Kaffitárs ehf.* Í ákvörðuninni var vitnað til þess að í framkvæmd hefði framkvæmdastjórn ESB talið að einnota kaffihylki (s.s. Nespresso) tilheyrðu aðskildum markaði. Varðandi skilgreiningu á markaðnum fyrir smásölu á fatnaði má t.d. vitna til ákvörðunar portúgalska samkeppniseftirlitsins í máli nr. Ccent. 20/2016, *Sonae Investimentos\*Wonder Investments / IVN.* Þar var komist að þeirri niðurstöðu að skilgreina mætti markað fyrir smásölu á fatnaði sem staðbundinn markað sem skipta mætti í undirmarkaði eftir gæðum fatnaðar og að hvaða hópi neytenda fatnaðinum væri beint (börn, konur, menn). Í þessu tilviki taldi portúgalska eftirlitið nægjanlegt að miða við skilgreininguna sérhannaður karl- og kvenfatnaður, skór og aukahlutir.

<sup>2</sup> Byggði sú frumniðurstaða m.a. á mikilvægi sértenginga og séraðlagana á íslenska markaðnum, niðurstöðu athugunar á meðal fyrirtækja á markaði, könnunar á meðal viðskiptavina samrunaaðila auk þess sem önnur gögn málsins studdu hana, þ. á m. samtímagögn frá samrunaaðilum.



Í því tilviki sem hér er til skoðunar er um að ræða samruna fyrirtækja sem starfa ekki á sömu mörkuðum. Af þeim sökum mun engin lárétt skörun eða samþjöppun verða á mörkuðum málsins vegna samrunans. Það liggur fyrir að sum fyrirtæki sem eru undir yferráðum dóttur- og hlutdeildarfélaganna Vörðu Capital eru viðskiptavinir Centara og Wise. Eru því ákveðin lóðrétt eða samsteypu tengsl á milli samrunaaðila. Að mati Samkeppniseftirlitsins eru þessi tengsl þó ekki þess eðlis að ástæða sé til að ætla að þau raski samkeppni, m.a. vegna stöðu samrunaaðila á viðkomandi mörkuðum. Er þannig hvorki til staðar hvati eða geta til þess að útiloka aðra keppinautar á mörkuðum málsins, hvorki á upplýsingatæknimarkaði né smásöluarkaði.

Með vísan til framangreinds fær Samkeppniseftirlitið ekki séð að viðkomandi samruni leiði til þess að markaðsráðandi staða verði til eða styrkist eða að samruninn leiði til þess að samkeppni raskist að öðru leyti með umtalsverðum hætti, sbr. 17. gr. c. samkeppnislaga. Á grundvelli þess telur samkeppniseftirlitið ekki ástæðu til að aðhafast frekar í tengslum við þennan samruna.

#### **IV. Ákvörðunarorð:**

**„Yfirtaka Vörðu Capital ehf. á Hugbúnaði hf. felur í sér samruna í skilningi samkeppnislaga. Samkeppniseftirlitið telur ekki forsendur til þess að hafast frekar að í máli þessu.“**

Samkeppniseftirlitið

Páll Gunnar Pálsson